Ed. **81. Frumvarp**

til laga um að landsstjórninni veitist heimild til að greiða styrk úr landssjóði til viðgerðar á sjógarðinum fyrir Einarshafnarlandi og Óseyrarness í Árnessýslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að greiða úr landssjóði alt að 7000 krónum til þess að gera við sjógarðinn fyrir landi jarðanna Einarshafnar og

Oseyrarness í Árnessýslu, enda verði helmingur kostnaðar af verkinu greiddur annars staðar að og skal verkið framkvæmt undir eftirliti landsstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.